lesbók

Galdraklúbburinn

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Gjörningaklúbburinn – yfirlitssýning

Til 21. október 2007. Opið alla daga kl. 10–17. Aðgangur kr. 500. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 250. Hópar (10+) kr. 250. Yngri en 18 ára: ókeypis. Ókeypis á fimmtudögum.



Morgunblaðið/G.Rúnar

Dynasty „Vel hefur tekist til við að varpa ljósi á ólíka þætti, þróun og þroskaferil í víðfemri listsköpun hópsins.“

GJÖRNINGAKLÚBBURINN – samstarf þeirra Eirúnar Sigurðardóttur, Jóníar Jónsdóttur, Sigrúnar Ingu Hrólfsdóttur (og Dóru Ísleifsdóttur til ársins 2001) – hefur átt ævintýralegan feril, gert víðreist og skapað sér alþjóðlegt nafn undir heitinu The Icelandic Love Corporation (ILC). Klúbbnum hefur nú verið boðið að halda yfirlitssýningu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, eftir einungis 11 ára starfsemi.

Sýningin er í sölum A, B og C og byggist á völdum verkum – en á umfangi þeirra sést að klúbbfélagar hafa ekki setið auðum höndum. Þarna eru til sýnis myndbandsupptökur af gjörningum, „eftirstöðvar“ eða sviðsett ummerki eftir þá, ljósmyndir, teikningar, textar og hljóð, og hlutir/munir af ýmsu tagi og úr ólíkum efnivið. Hér er raunar um einstakt tækifæri að ræða til að kynna sér feril Gjörningaklúbbsins og átta sig á heildarmyndinni í listrænni starfsemi hans.

Líkt og heiti klúbbsins gefur til kynna, þá hverfist starfsemin að miklu leyti um gjörningaformið. Gjörningarnir byggjast gjarnan á táknrænum „seremóníum“ listamannanna og fela oftar en ekki í sér paródíu eða skopstælingu á ýmsum þáttum tilverunnar. Ádeilan beinist t.d. að sýndarmennsku og firringu, græðgi, landkynningarklisjum, kvenímyndum eða ágangi á náttúruna. Mikill metnaður er jafnan lagður í hönnun leikmuna og búninga, sem minna oft á hami eða grímubúninga.

Á efri hæð safnsins, í sölum B og C, eru einstök verk rýmislega vel aðgreind. Þar gefst tækifæri til að velta vöngum yfir virkni ólíkra frásagnarforma (sem vissulega eru miskilvirk) sem leidd eru af gjörningunum sjálfum og standa sem sjálfstæð verk með nýja merkingu – þ.á m. upptökur gjörninga sem sýndar eru á sjónvarpsskjá eða varpað er á vegg/veggi sem innsetning, eða ljósmyndaseríur (jafnvel ásamt hljóðverki) af gjörningum. Á veggjum salanna sjást einnig sviðsmunir úr gjörningunum og ýmis önnur verk sem sum hafa verið sýnd án þess að gjörningar komi við sögu – en vísa gjarnan í þann táknmyndaheim sem klúbburinn hefur skapað. Raunar má segja að sýningin varpi ljósi á miðlægni „performansins“ í myndlist samtímans (myndlistarmenn „performera“ semsagt líka í myndbands- og ljósmyndaverkum), ekki síst vegna skörunar við sviðslistir og önnur menningarform, svo sem kvikmyndir, tónlist og sjónvarp.

Ein af áskorunum sýningarinnar felst í að miðla tilfinningu fyrir „hér og núi“ gjörningsins – hins lifandi forms. Þetta hefur tekist einkar vel í sal A á neðri hæð safnsins. Þar hefur rými salarins verið gjörbreytt með metnaðarfullum strúktúr, eða grind sem hlykkjast um salinn og bindur saman einstaka hluta í „lífræna“ heild. Úr verður fantasíukennd stemning þar sem eitt „atriði“ tekur við af öðru, svo að minnir á fjölleikahús – og þar sem allt getur gerst. Strúktúrinn (sem getur staðið sem sjálfstætt rýmisverk) leiðir gestina áfram og hverfist um miðju salarins: nokkurs konar „íbúð“ þar sem býr „andi“ – væntanlega sköpunarandinn, sem er auðvitað kjarninn í öllu saman. Íverustaðurinn skírskotar til vinnustofu Gjörningaklúbbsins á Hverfisgötunni. Þarna eru geymdir ýmsir munir sem notaðir hafa verið í gjörningum en grípa má til – þ.á m. kampavínsflaska í kæli.

Gjörningaklúbburinn finnur ávallt tilefni til að skála í kampavíni því þar ræður gleði og húmor ríkjum, þótt vissulega taki þær á hinum „þyngri“ þáttum tilverunnar. Hinn glaðværi, skapandi andi smýgur um króka og kima salarins og smitar sýningargesti. Nokkurs konar endursköpun á flissandi klúbbfélögunum í gínuformi, þar sem þær snúa afturendanum að áhorfandanum, íklæddar rauðgulum síðkjólum og háum hælum, undirstrikar kærleiks-„trúboð“ klúbbsins jafnframt því að fjalla um viðskiptavæðingu og auglýsingamennsku (líkt og enskt heiti klúbbsins gerir líka). Ádeilan einkennist af fáránleika og kæti líkt og þær vilji segja: lífið er kabarett – en því ekki að njóta þess og láta gott af sér leiða.

Verkið í anddyri safnsins, „Hótel Paradís“ (1998), býður gestum þegar í upphafi að verða fyrir ákveðinni upplýómun og gefur tóninn fyrir áherslu listamannanna á (kær) leikinn.

Bylgjótt form strúktúrsins í sal A skírskotar til ofskynjunarkenndrar vímu lífsgleðinnar, þar sem háskinn býr undir niðri. Fantasían og annarleikinn eru sterk þemu í verkum Gjörningaklúbbsins, í takt við myndlist samtímans. Sérstaða klúbbsins er hins vegar einkum fólgin í hinum ferska andblæ gleðinnar – joie de vivre – sem einkennir tjáningu þeirra og þar sem kampavín, silki og sætindi eru sjaldnast langt undan. Í upptöku af gjörningnum „Intimacy, Circus“ (2004), á efri hæð safnsins, er fjallað með átakanlegum hætti um glatað sakleysi en hópurinn tekur gleði sína á ný – og skálar í kampavíni.

Þar er kannski oftast hátíð í bæ hjá Gjörningaklúbbnum en jafnframt taka listamennirnir sig mátulega hátíðlega. Grínaktuglega greypa þær léttúðuga ímynd sína í lakkrís í verkinu „Starry Night“ (2004). Þær eru óhræddar við að vera fínar og kvenlegar. Í þeim tilgangi sækja þær til kvenfyrirmynda í tísku og afþreyingarmenningu (ekki síst glæsikvendisins). Meðferð þeirra á slíkum fyrirmyndum, stundum með skírskotunum til handverkshefðar kvenna og þjóðlegra hefða, er skapandi og oft ótrúlega hugmyndarík.

Vel hefur tekist til við að varpa ljósi á ólíka þætti, þróun og þroskaferil í víðfeðmri listsköpun hópsins, með markvissri rýmisnotkun og uppsetningu verka sem og með bók sem safnið gefur út af þessu tilefni. Sýningin er vitnisburður um hið frjóa samstarf listamannanna í Gjörningaklúbbnum – einmitt þar býr galdurinn.

Anna Jóa



Ljósmynd/Steinar Hugi

Viðar „Að liggja heima undir teppi með nýjasta hefti *New Left Review* er góð aðferð við að sitja af sér þá reaksjóneru kaupstefnu sem Bókmenntahátíð í Reykjavík er að þessu sinni.“

Lesarinn

Að liggja heima undir teppi með nýjasta hefti *New Left Review* er góð aðferð við að sitja af sér þá „reaksjóneru“ kaupstefnu sem Bókmenntahátíð í Reykjavík er að þessu sinni.

Heftinu ritstýrir hinn gamli jálkur Régis Debray, sem var sendisveinn '68-kynslóðarinnar hjá þeim Castro, Che og Salvador Allende. Debrey hefur ekki endilega þótt finn pappír sem fræðimaður þrátt fyrir rétta skólun hjá „menntamanna-marxistum“ Parísar, einkum sökum stuðnings hans við Mitterand Frakklandsforseta á 9. áratugnum.

Inngangur Debrays að heftinu fjallar um söguleg tengsl sósíalismans og prentvélarinnar, það er að segja dreifingar hins skrifaða orðs til upplýsingarfúss almennings. Textinn er heimsósómalesning um að sósíalistar dagsins í dag séu fávísir, kampavínsdrekkandi og hafi misst sjónar af hlutverki sínu sem alþýðufræðarar. Þetta á vafalítið við um þá sósíalista sem Debrey umgengst.

Viðar Þorsteinsson blaðamaður og heimspekingur.

Gláparinn

Nýlega horfði ég á mynd Rainers Werners Fassbinders *Fontane Effi Briest.* Hún er byggð á samnefndri skáldsögu Theodors Fontanes, en sjaldan hefur skáldverk verið kvikmyndað á jafn áhrifaríkan hátt. Löng, ljóðræn og magnþrungin textabrot eru lesin af sögumanni á meðan persónurnar nánast frjósa á skjánum, en á sama tíma verður kvikmyndin að annarri, mun nálægari reynslu. Hanna Schygulla leikur Effi Briest sem er dóttir aðalsmanns í Norður-Þýskalandi 19. aldarinnar. 17 ára er hún gefin hinum mun eldri Innstetten greifa, en sá hafði áður sóst eftir hönd móður hennar, en var hafnað. Effi flyst með honum í lítinn bæ þar sem henni leiðist óumflýjanlega; greifinn er í burtu vikum saman og það er ekki fyrr en Crampas hershöfðingi kemur í bæinn sem hún tekur gleði sína á ný. Effi upplifir sig ástfangna, en þetta samband leiðir hægt en örugglega til hennar eigin glötunar en um leið endurfæðingar; og kallast saga hennar þannig á við sögu Emmu Bovary og Önnu Kareninu. Myndin verður sýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík og verður aðalleikonan viðstödd sýninguna.

Ása Helga Hjörleifsdóttir, starfsmaður Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík



Morgunblaðið/G.Rúnar

Ása Helga Hún horfði nýlega á Fontane Effi Briest en hún er byggð á samnefndri skáldsögu Theodor Fontane, „en sjaldan hefur skáldverk verið kvikmyndað á jafn áhrifaríkan hátt“.